

## **Styrkur Vestmannaeyjabæjar til starfsmanna vegna líkamsræktar**

Frá og með 1. janúar 2019 býðst starfsmönnum Vestmannaeyjabæjar styrkur til líkamsræktar allt að 15.000 kr. á ári.

Starfsmenn þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að eiga rétt á styrknum:

- Starfsmaður sé fastráðinn og í minnst 50% starfshlutfalli (fastráðinn starfsmaður í minna en 50% starfshlutfalli fær allt að helming styrkfjárhæðarinnar). Starfsmaður hafi unnið samfelld hjá Vestmannaeyjabæ í 3 mánuði eða meira.
- Starfsmaður að stunda hreyfingu hjá viðurkenndum aðila (svo sem líkamsræktarstöð, íþróttafélagi eða sundlaug). Búnaður er ekki styrktur.
- Starfsmaður skili inn greiðslukvittun með útfylltri umsókn.
- Umsókn fyrir árið á undan sé skilað inn í síðasta lagi fyrir 1. febrúar.

Einungis er greitt fyrir líkamsrækt sem starfsmaður einn getur nýtt sér.

Umsókn um styrk til líkamsræktar er skilað til forstöðumanns/yfirmanns vinnustaðar sem kannar hvort starfsmaður uppfylli áður nefnd skilyrði. Uppfylli starfsmaður öll skilyrðin kemur yfirmaður umsókninni til fjármálastjóra Vestmannaeyjabæjar sem greiðir styrkinn út.